

Formáli ritstjóra

Eins og áður er gleðilegt að fylgja hefti *Ritröðarinnar* úr hlaði, þó að fátt hafi í raun verið „eins og áður“ á umliðnu misseri. Ég er þakklát höfundum sem, þrátt fyrir samkomubann vegna heimsfaraldurs og mikillar röskunar á daglegu lífi, sáu sér fært að leggja til efni í þetta hefti. Það er líklegt að fyrri hluti ársins 2020 verði í sögubókum framtíðarinnar þekktur sem sá tími er heimurinn lenti í gíslingu covid-19-veirunnar. Ennþá er fjarri því að við sjáum fyrir endann á faraldrinum sem nú þegar hefur haft skelfileg áhrif og dregið mörg hundruð þúsund einstaklinga um víða veröld til dauða. Þar sem guðfræðin verður aldrei til í sögulegu tómarúmi, heldur mótast af reynslu þeirra sem skrifa hana, er óhjákvæmilegt að reynslan af covid-19 hafi áhrif á guðfræðiumræðu framtíðarinnar. Hvernig og hversu mikil þau áhrif verða, á eftir að koma í ljós, en fróðlegt verður að fylgjast með skrifum guðfræðinga í kjölfar heimsfaraldurs á næstu misserum.

Fyrsta greinin í þessu hefti er eftir Jan-Olav Henriksen, sem er prófessor við MF, Vitenskapelig Højskole í Osló. Fyrirsögn greinarinnar er „Towards a Lutheran Theology of Bodily Healing“. Þessi grein tengist efni fyrirlesturs sem Henriksen hélt á málstofu Guðfræðistofnunar haustið 2019, þar sem hann fjallaði um lækningafrásögur Nýja testamentisins og tilhneigingu fólks til þess að gera lítið úr erindi þessara frásagna inn í samtíma okkar. Henriksen hefur á undanförnum áratug fjallað mikið um hlutverk lækninga innan kristinnar kirkju á 21. öld, bæði í ræðu og riti, og hafa rannsóknir hans vakið athygli í heimalandi hans og utan þess. Í grein sinni tekur Henriksen undir gagnrýni þeirra sem hafa haldið því fram að lúthersk guðfræði hafi fram að þessu ekki fjallað um lækningu líkamans. Markmiðið með greininni er að leggja grunn að lútherskri guðfræði um líkamlega lækningu, sem tekur mið annars vegar af sköpunarguðfræði og hins vegar af lækningaþjónustu Jesú. Í nálgun sinni gengur Henriksen út frá því að lækning sé tákn um nálægð og opinberun náðar Guðs og þótt hún tengist trú viðkomandi, þá sé trúin ekki skilyrði hennar.

Í greininni „Píslarsaga Krists í píslarsögu konu: Kvikmynd Dreyers um píslir og dauða Jóhönnu af Örk“, fjallar Arnfríður Guðmundsdóttir um fræga kvikmynd danska leikstjórans Carls Theodors Dreyer, *Þjáning og dauði Jóhönnu af Örk* (f. *La Passion de Jeanne d'Arc*), frá 1928 út frá forsendum kristsfræðinnar. Arnfríður færir rök fyrir því að Dreyer sé ekki aðeins að fást við þjáningu og dauða Jóhönnu í mynd sinni, heldur sé hann að túlka píslarsögu Krists í gegnum sögu þessa 15. aldar píslarvotts, sem síðar var gerð að dýrtingi í rómversk-kaþólsku kirkjunni. Markmið greinarinnar er að varpa ljósi á það hvernig Kristur í kvenlíkama (kven-kristsgervingur) getur dýpkað skilning okkar á því að Guð tók á sig mennsku í (karl-)manninum Jesú frá Nasaret, en karlmennska hans hefur í kristinni trúarhefð oft verið talin nauðsynlegur hluti af holdtekju Guðs.

Í þessu hefti birtist síðari grein Hjalta Hugasonar af tveimur sem fjalla báðar um umræður um aðskilnað ríkis og kirkju á Íslandi á tímabilinu 1915–1995. Í þessari grein, sem ber yfirskriftina „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Almenn umræða á „stuttri tuttugustu öld“ — Síðari grein: Móti aðskilnaði“, beinir Hjalti kastljósinu að rökum sem notuð voru gegn aðskilnaði og færir rök fyrir því að algengast hafi verið líta svo á að aðskilnaður myndi draga úr möguleikum þjóðkirkjunnar á að sinna öllum sem tilheyra henni, óháð búsetu. Þá hafi því einnig

verið haldið fram að eftir aðskilnað ætti kirkjan erfiðara með að gegna félagslegum hlutverkum sínum í samfélaginu. Fleiri rök hafi einnig komið fram, m.a. að aðskilnaður ríkis og kirkju kallaði á trúarlegt upplausnarástand og að mikilvægt væri að áframhaldandi tengsl ríkis og kirkju væru með skipulögðum hætti og sérstök lög ættu því að gilda um þjóðkirkjuna.

Margrét Jónsdóttir fjallar um sögnina *nálægjast* í grein sinni „Vér nálægjumst guði“: Um sögnina *nálægjast* með þágufallsandlagi“. Þó að sögnin taki oftast með sér þolfallsandlag, segir Margrét vera til dæmi um andlag í þágufalli, sem sé þá yfirleitt merkingarlega skilyrt og vísi til hins guðlega valds. Í greininni fjallar Margrét um dæmi um sögnina *nálægjast*, sem hún segir því sem næst horfna úr íslensku máli, en í staðinn hafi komið sögnin *nálgastr*. Dæmin eru allt frá þýðingu Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu til biblíuútgáfunnar frá 1981.

Í grein sinni „Spekin og síðnútíminn: Önnur nálgun í samstæðilegri guðfræði — Guðfræði Hartmuts Rosenau“ gerir Sigurjón Árni Eyjólfsson að umræðuefni sínu nýjar áherslur í samstæðilegri guðfræði í Þýskalandi á 20. öld. Eins og fyrrsögnin gefur til kynna, beinir Sigurjón Árni athyglinni að þýska guðfræðingnum Hartmut Rosenau og þeim áhrifum sem hann hefur haft á þróunina innan lútherskrar guðfræðihéðar í Þýskalandi á síðustu áratugum. Það sem einkennir nálgun Rosenaus, samkvæmt Sigurjóni Árna, er hvernig hann notar spekihefð Gamla testamentisins og lútherska kenningu um réttlætingu af trú, til að draga fram mikilvægi blessunar hins daglega lífs á kostnað hefðar og heimsslitahugmynda.

Áhrifin sem rit Lúthers höfðu hér á landi frá siðaskiptum til átjándu aldar eru til umfjöllunar í greininni „Lúther á eylandinu: Viðtökur siðbótar á Íslandi frá sextándu til átjándu aldar“. Höfundur greinarinnar, Skúli S. Ólafsson, telur að áhrifin hafi verið minni á Íslandi en annars staðar í Danaveldi vegna einangrunar íslensku þjóðarinnar og þess hversu fámenn stétt menntamanna var í landinu. Skúli heldur því fram að rit Lúthers á íslensku hafi gegnt mun minna hlutverki hér á landi en guðræknirit annarra höfunda. Á meðal útgefinna rita Lúthers á íslensku gegni öðru máli um *Fræðin minni* (1529), vegna þess hve oft þau komu út, en í því riti hafi Lúther fest í sessi þá stéttskiptingu sem var við lýði með því að brýna fyrir fólki að hlýða yfirvaldinu.

Siðferðisbrot og kristinn mannskilningur eru umfjöllunarefni Sólveigar Önnu Bóasdóttur, en hún segir að aflvaki greinar sinnar sé siðferðisbrot á kirkjulegum vettvangi. Í fyrri hluta greinarinnar kemst Sólveig Anna að þeirri niðurstöðu að sjálfræði og mannhelgi séu megingildi mannlegrar tilveru og það sem markar siðferðilega stöðu manneskjunnar. Gildi biblíulegs og kristins mannskilnings fyrir afstöðu og aðgerðir kirkjunnar þegar um siðferðisbrot starfsfólks hennar er að ræða, er viðfangsefni síðari hluta greinarinnar. Hér er áherslan á spennuna í kristnum mannskilningi milli þess að hafa þegið fyrirgefningu Guðs og að glíma við eigin syndugleika. Í þessu samhengi áréttar Sólveig Anna að forsendan fyrir fyrirgefningu Guðs sé að viðkomandi iðrist og játi syndir sínar.

Auk fræðigreina eru í þessu hefti fjórir ritdómar, þar sem höfundar úr hópi kennara Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands fjalla um nýlegar bækur og höfunda þeirra. Í fyrsta ritdómnum fjallar Arnfríður Guðmundsdóttir um bókina *Húsið brennur* (2019), sem er saga sænska aðgerðasinnans Gretu Thunberg og fjölskyldu hennar, sem hefur haft mikil áhrif á baráttunna gegn hamfarahlýnun á síðustu árum. Gunnlaugur A. Jónsson skrifar um bók sem hefur að geyma efni eftir Tryggve N.D. Mettinger, sem er prófessor emerítus við Lundarháskóla og einn kunnasti og áhrifamesti gamlatestamentsfræðingur Norðurlanda á síðari árum. Í ritdómi sínum tekur Hjalti Hugason fyrir þriggja binda verk sem kom út í Danmörku í tilefni af 500 ára afmæli siðbótarinnar árið 2017, umfangsmikið

rit um áhrifin sem nýr siður hefur haft á kirkju og menningu í Danaveldi á liðnum öldum. Síðasta ritdóminn ritar Sólveig Anna Bóasdóttir um bókina *2052: A Global Forecast for the Next Forty Years* eftir Jørgen Randers, sem er einn af höfundum bókarinnar *Endimörk vaxtarins* frá 1972. Í bók Randers, sem kom út árið 2012, spáir hann fyrir um tímabilið 2012–2052, m.a. með tilliti til fólksfjölgunar, matvælaframleiðslu, tækniframfara, ofnýtingar náttúruauðlinda og mengunar. Á tímum heimsfaraldurs er viss tilhneiging til að gleyma þeirri vá sem vofir yfir jörðinni og íbúum hennar vegna hamfarahlýnunar. Eins og alltaf er mikilvægt að fólk haldi vöku sinni og vinni að því af heilum hug að tryggja framtíð komandi kynslóða á þessari jörð. Það er óskandi að covid-19-faraldurinn verði til þess að vekja fólk til meðvitundar um mikilvægi þess að við tökumst af alvöru á við þetta stóra verkefni sem við stöndum frammi fyrir og enginn annar getur leyst af hendi fyrir okkur.

Megi lesturinn verða lesendum bæði til gagns og gleði.

Arnfríður Guðmundsdóttir